

**Úr sögu Íslands**  
**Ingólfur og Hjörleifur III** Teikningar og texti:  
 Friðrik G. Sturluson



**Fjölskyldumál:**  
**Vímugjafar til umræðu**

Mikið hefur verið rætt um vímugjafa, eiturlyf og áfengisneyslu að undanfögnu. Það er ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að minnast á þessi efni á Barna- og fjölskyldusíðunni líka. Þó er enginn efi á því, að þetta er mál fjölskyldunnar allrar.



Margs konar vímugjafar þekkjast nú í heiminum. Sífellt berast fleiri tegundir af þeim hingað til lands.

**Hvað þekkið þið margs konar vímugjafa?**  
 Áhrif þessara vímugjafa gætir á mismunandi vegu í mannlíkamanum, sumir virka róandi aðrir órvandi o.s.frv.

**Vitið þið hvernig áhrif þeir hafa og á hvaða starfsemi líkamans?**  
 Sumir halda því fram, að menn geti beðið bæði andlegt og líkamlegt tjón við ofnotkun slíkra vímugjafa.

**Hvert er ykkar álit á slíkri fullyrðingu? Nefndu einhver dæmi máli þínu til stuðnings.**  
 Í Morgunblaðinu í sumar kom fram í stuttri grein frá Noregi, að í 35000 manna bæ urðu tvö dauðaslys beinlínis af völdum ofnotkunar vímugjafa í þeirri viku, sem greinarhöfundur dvaldist þar.

**Teljið þið notkun vímugjafa á Íslandi alvarlegt vandamál eða á leið með að verða það?**

**Þekkirðu einhver félög eða félagasamtök, sem hafa fyrirbyggjandi starf af þessu tagi á stefnuskrá sinni? En stjórnmalaflokkarnir?**  
 Í Morgunblaðinu 24. okt. s.l. segir m.a. í grein um vímugjafa, að „gott fordæmi ásamt eflingu trúarlífs sé besta gjöfin, sem við getum gefið börnum okkar á barnaári.“

**Hvert er álit ykkar í þessum efnum?**



**Barnabæninir**

Blessa þú, Drottinn, bæ og lýð,  
 blessa oss nú og alla tíð.  
 Blessun þína oss breið þú á,  
 blessuð verður oss hvíldin þá.

**Frumсандar sögur:**  
**Ærslafullur páfagaukurinn**

Jóna var komin í 7. bekk. Hún átti páfagauk sem hét Konný. Konný var mjög sérstakur fugl að því leyti að hún þurfti ekki að vera í búri. Jóna fór oft með hana út og þá sat hún á öxlinni á henni og hreyfði sig ekki. Ef kalt var úti skreidd Konný bara ofan í vasa Jónu og hreiðraði þar um sig.

Jóna tók upp á því að hafa Konný með sér í skólann. Ekki gast kennurunum allt of vel að því vegna þess að Konný var alltaf flögandi um, dritandi og gargandi og truflaði kennsluna meira og minna. Brátt var hún orðin svo hagvön að hún settist á kollinn á kennurunum þegar minnst varði og skildi þá jafnan eftir sig hrúgu af driti og fjöðrum. Gekkt nú svona í tæpar tvær vikur en þá fór kennurunum að leiðast þófið og kvörtuðu yfir ástandinu á kennarafundi. Efst á baugi var kvörtun Járnbrúðar sögukennara. Sagði hún að Konný hefði í eitt skiptið sest á öxl sér og farið að narta í eyrað. Hafði Járnbrúður verið með orsmáan gulleyrnalokk í eyranu og Konný hafði þá einhvern veginn getað losað festinguna og hreinlega gleppt lokkinn. Kvaðst hún harma þennan missi sárlega. Er Járnbrúður hafði lokið máli sínu hné hún í ómegnin sökum geðshræ-



ingar. Slitnaði þar með upp úr kennarafundinum.

Næsta dag kom yfirkennarinn inn í tíma hjá 7. bekk. Fór hann að tala við Jónu um páfagaukinn. Þá settist Konný á hausinn á honum og dritaði á skallann. Yfirkennaranum varð mikið um. Hugsar sér á þessi ósvifni gaurur skyldi dritast að drita á spegil sálar hans. Yfirkennarinn gekk móðgður út og reikningskennarinn laumaðist á eftir honum.

Nú kom sjálfur skólastjórinn á vettvang. Datt þá allt í dúnalogn. En nú tók ekki betra við. Konný litla sá sér þarna leik á borði og settist á hausinn á skólastjóranum. Því næst renndi hún sér niður á nefið á honum og beit svo hressilega í það að blöð vatlaði úr. Skólastjórinn varð nú svo reiður að hann rak alla 7. bekkinga heim, þeim til mikillar ánægju, og strusaði svo inn á kennarastofu til að binda um nefið. Jónu fannst nú nóg komið og kom ekki framar með Konný í skólann. Þungu fargi var nú létt af kennurunum 7. bekkjar og þurftu þeir aldrei framar að ganga í gegn um annað eins.

Endir.

Höf.: Steinunn Ásmundsdóttir 13 ára.